

## 5. gr.

Ákvörðun varðandi umsókn skal skattstjóri tilkynna gjaldanda og ef fallist er á umsókn skal niðurstaða einnig tilkynnt innheimtuaðila.

## 6. gr.

Allir þeir, er hafa menn í þjónustu sinni og greiða laun fyrir starfa, sbr. 1. mgr. 92. gr. l. nr. 75/1981, eru skyldugir að kröfu innheimtumanns að halda eftir af kaupum launþega til lúkningar gjöldum þeirra aðila sem launþegar bera sjálfskuldarábyrgð á og innheimta ber samkvæmt ákvæðum 110. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. skulu launagreiðendur aldrei halda eftir meira en nemur 75% af heildarlaunagreiðslu hverju sinni til greiðslu á gjöldum samkvæmt lögum nr. 75/1981, gjöldum samkvæmt IV. kafla laga nr. 91/1989 og afdrætti opinberra gjalda samkvæmt ákvæðum laga nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda. Afdráttur af launum vegna staðgreiðslu skal ávallt ganga fyrir afdrætti af launum vegna eldri skattskulda og gjalda.

## 7. gr.

Um greiðslur þinggjalda á árinu 1991 fer að öðru leyti samkvæmt ákvæðum XIII. kafla laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt.

## 8. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 110. gr., 113. gr. og 119 gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum, öðlast þegar gildi.

*Fjármálaráðuneytið, 27. desember 1990.*

**Ólafur Ragnar Grímsson.**

*Snorri Olsen.*

## REGLUGERÐ

### um réttindi og skyldur manna, sem dveljast erlendis við nám, skv. ákvæðum laga um opinber gjöld.

## 1. gr.

Þeir menn, sem dveljast erlendis við nám geta haldið öllum réttindum sem heimilisfesti hér á landi veitir skv. lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt og öðrum lögum um opinber gjöld eftir því sem nánar er ákveðið í reglugerð þessari.

Ákvæði 1. mgr. á við um þá menn, er þar greinir þrátt fyrir að þeir séu skráðir með fasta búsetu erlendis enda hafi þeir verið búsettir hér á landi síðustu 5 árin áður en nám hófst.

Nám skv. 1. mgr. telst hvers konar reglulegt nám í viðurkenndri menntastofnun innan hins almenna menntakerfis á framhalds- og háskólastigi enda sé námið ætlað sem aðalstarf og námstími eigi skemmri en 6 mánuðir eða sem svarar til 624 klst. á ári, sbr. þó 4. mgr.

Til náms skv. 1. mgr. telst ekki starfsþjálfun, sérhæfing eða öflun sérfræðiréttinda enda þótt skilyrði þau, sem sett eru í 3. mgr. séu að öðru leyti fyrir hendi. Ennfremur ekki nám í grunnskólum, menntaskólum og sambærilegum menntastofnunum.

## 2. gr.

Maki námsmanns getur haldið sömu réttindum ef sýnt er fram á að dvöl hans erlendis sé bein afleiðing af námi hins en ekki sérstaklega til tekjuöflunar eða öflunar sérþekkingar, sem

ekki fellur undir ákvæði þessarar reglugerðar. Óvígð sambúð skal lögð að jöfnu við hjúskap að því tilskildu að námsmaður og maki hans eigi að lögum rétt til samsköttunar, sbr. 3. mgr. 63. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt.

## 3. gr.

Skattstjórar skulu taka ákvörðun um réttindi skv. reglugerð þessari í samræmi við framlögð gögn, sbr. 4. gr. við álagningu opinberra gjalda ár hvert.

## 4. gr.

Námsmenn og makar þeirra skulu árlega senda skattstjóra í því umdæmi sem þeir voru síðast skattskyldir í fyrir brottför skattframtal með upplýsingum um allar tekjur, hvar sem þeirra er aflað og allar eignir, hvar sem þær eru. Leggja skal fram eftirtalin gögn og upplýsingar með skattframtali:

1. Vottorð um nám erlendis á tekjuári þar sem fram komi:

- a) hvaða nám var stundað
- b) hvenær nám hófst
- c) hvenær námslok séu áætluð.

2. Upplýsingar um eftirfarandi:

- a) hvert hafi verið síðasta lögheimili námsmanns hér á landi
- b) hver sé umboðsmaður eða hvert sé pósthfang námsmanns hér á landi.

3. Ljósrit af erlendum skattframtölum.

4. Staðfestingu um barnabætur o.þ.h. greiðslur erlendis ef um þær var að ræða. Fram komi heildargreiðslur ársins.

## 5. gr.

Reglugerð þessi er sett með stoð í 3. mgr. 70. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum og öðlast gildi 1. janúar 1991.

*Fjármálaráðuneytið, 27. desember 1990.*

**Ólafur Ragnar Grímsson.**

*Snorri Olsen.*

**AUGLÝSING****um breytingu á gjaldskrá Rafveitu Siglufjarðar.**

Samkvæmt 25. gr. orkulaga nr. 58, 29. apríl 1967, hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi breytingar á gjaldskrá Rafveitu Siglufjarðar, nr. 431, 22. september 1989, er taki gildi 1. janúar 1991:

Allir liðir gjaldskrárinnar hækki um . . . . . 5%

*Iðnaðarráðuneytið, 27. desember 1990.*

F. h. r.

**Björn Friðfinnsson.**

*Halldór J. Kristjánsson.*